

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 4. apríl 2022.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Björn Snæbjörnsson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir og Kolbeinn Gunnarsson.

Frá sambandinu: Benedikt Þór Valsson, Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Samngar um séreignarsparnað 2204004SA

Erindi frá SGS. Ágreiningur er uppi við sveitarfélag um túlkun á greiðslum í séreignasjóði starfsmanna sbr. gr. 13.6.1. SGS lítur svo á að með því að starfsmaður undirriti samning um séreignasparnað við viðkomandi sveitarfélag og fjármálastofnun sé kominn á bindandi samningur milli aðila um séreignarsparnað burt séð frá starfshlutfalli eða fjölda ráðningarsamninga starfsmannsins við sveitarfélagið. Þessu er sveitarfélagið ekki sammála.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að samningur um séreignasparnað fylgi starfsmanninum fari hann í hærra starfshlutfall hjá sveitarfélagi eða taki að sér að gegna mismunandi störfum sem kalla á fleiri en einn ráðningarsamning hjá sveitarfélagi. Sveitarfélag sendir skilagreinar fyrir hvert starf til fjármálastofnunar sem heldur utan um séreignarsparnað starfsmanns.

Fundi slitið.